

**50. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn Aðalstræti 63, Patreksfirði, 18. október 2017 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Sveinsson (ÁSV), aðalmaður, Magnús Jónsson (MJ), aðalmaður,
Friðbjörg Matthíasdóttir (FM), aðalmaður og Eva Dögg Jóhannesdóttir,
aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður

Inga Hlín Valdimarsdóttir, forstöðumaður Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti
og Óskar Leifur Arnarsson sátu fundinn.

Dagskrá:


1. Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti - 1703043

a) Inga Hlín Valdimarsdóttir forstöðumaður Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti fór yfir starfsemi sumarsins.


Safnið var opið frá 1. maí - 30.sept. og var starfsemin með hefðbundnum hætti. Unnið var áfram með sumardagskrá safnsins og safnadag minjasafnsins á Hnjóti. Einnig stóð safnið fyrir sögugöngum um nágrennið. Kaffitería var rekin á safninu og minjagripasala. Gestir sumarsins voru heldur færri en sumarið 2016 eða 3055 einstaklingar sem greiddu aðgang. Nokkuð fleiri koma á staðinn til að fá kaffi eða nýta aðstöðu án þess að kaupa aðgang á safnið. 2 sumarstarfsmenn voru ráðnir til starfa við safnið, ásamt afleysingastarfsmanni.

b) Staðfest beiðni Ingu Hlínar Valdimarsdóttur forstöðumanns MEÓ um fæðingarorlof frá 10/11 2017 - 10/5 2017 og að því loknu mun hún taka áunnið orlof. Samráðsnefnd samþykkir að ráða Óskar Leif Arnarsson, fornleifafræðing sem forstöðumann safnsins í leyfi Ingu Hlínar.


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.16:30.




Ásgeir Sveinsson (ÁSV)



Magnús Jónsson (MJ)



Friðbjörg Matthíasdóttir (FM)



Eva Dögg Jóhannesdóttir